



PÓSTURINN

Ársreikningur 2024

Íslandspóstur ohf.

Íslandspóstur ohf.
Ársreikningur
2024

Íslandspóstur ohf.
Höfðabakka 9D
110 Reykjavík
kt. 701296-6139

Íslandspóstur ohf.
Ársreikningur
2024

Efnisyfirlit

| | |
|--|-------|
| Skýrsla stjórnar og forstjóra | 2-4 |
| Áritun Ríkisendurskoðunar | 5-6 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8 |
| Yfirlit um eigið fé | 9 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11-30 |
| <i>Óendurskoðaðir viðaukar</i> | 31-40 |

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Íslandspósts ohf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur laga um ársreikninga.

Aðalstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar póstpjónustu á grundvelli laga og reglugerða sem þar um gilda. Íslandspóstur ohf. gegnir veigamiklu hlutverki í því að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla mikilvægum upplýsingum, gögnum og vörum til allra landsmanna hvar sem þeir eru á landinu.

Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu. Jöfn kynjahlutföll aðalmanna eru í stjórn Íslandspósts, tveir karlar og tvær konur. Í maí sagði aðalmaður sig úr stjórn félagsins og var kallaður inn varamaður sem hefur setið alla stjórnarfundi frá þeim tíma og tekið ábyrgð sem aðalmaður. Að teknu tilliti til varamanns eru tveir karlar og þrjár konur í stjórn.

Helstu tölur (fjárhæðir í þúsundum króna):

| | |
|---|-----------|
| Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam | 187.471 |
| Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu | 6.503.178 |
| Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam | 3.821.528 |
| Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam | 58,8% |
| Fjöldi ársverka á árinu nam | 460 |

Hagnaður Íslandspósts 2024 nam rúmlega 187 millj. kr. samanborið við hagnað upp á tæpar 31 millj. kr. árið áður (eftir leiðréttingu samanburðartalna, sjá skýringu 14 í ársreikningnum). EBITDA-hlutfall ársins var 11% samanborið við 8% 2023. Hagnaðarhlutfall félagsins var 2,5% en 2023 var hlutfallið 0,4%. Veltufjárhlutfall Íslandspósts fór úr því að vera 1,09 árið 2023 í 1,32 í árslok 2024. Arðsemi eigin fjár er 4,9% en var 0,8% í árslok 2023.

Þróun á starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu

Fimm ár hafa liðið frá því að einkaréttur á 0-50 g bréfasendingum var formlega afnuminn með lögum. Íslandspóstur hefur því eingöngu starfað á samkeppnismörkuðum undanfarin ár.

Við afnám einkaréttar var Íslandspóstur útnefndur sem alþjónustuveitandi með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2020. Ákvörðunin er til allt að tíu ára. Ákvörðunin lagði þá skyldu á Íslandspóst að bjóða notendum póstpjónustu hér á landi upp á dreifingu á eftirfarandi tegundum póstsendinga: bréfum allt að 2 kg, magnpósti allt að 50 g, pökkum allt að 10 kg, magnpósti (50 g), pökkum allt að 10 kg (innan lands), pökkum allt að 20 kg (til og frá landinu), ábyrgðarsendingum, tryggðum sendingum og blindrasendingum allt að 2 kg. Einnig skal fyrirtækið haga starfsemi sinni í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, sem og veita aðgengi að afgreiðslustöðum um allt land.

Með ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023 var felld niður sú skylda, innan alþjónustu, að dreifa pökkum allt að 10 kg innan lands, alls staðar á landinu. Í stað þess er skyldan nú afmörkuð við dreifingu í dreifibýli, þ.e. þá dreifingu sem í daglegu tali er kölluð landpóstadreifing. Eftir þessar breytingar tekur þjónustuskyldan til dreifingar á pökkum til um 7% eða tæplega 11 þúsund heimila og fyrirtækja. Samhliða var gerð breyting á skilgreiningum á virkum og óvirkum markaðssvæðum vegna bréfadreifingar. Breytingin felst í því að frá 1. janúar 2024 eru 63,6% landsins á virkum markaðssvæðum en 36,4% á óvirkum markaðssvæðum.

Eins og kunnugt er hefur magn almennra bréfa dregist saman um rúmlega 86% frá árinu 2010 á sama tíma og viðkomustöðum fjölgar. Því er ekki ofsagt að um algjört hrun sé að ræða í einum af megintekjustraumum félagsins. Samkeppni í dreifingu bréfa raungerðist í júlí og gætir þessarar samkeppni í stærstu þéttbýliskjörnum landsins. Alþjónustukvöð félagsins kveður á um að viðhafa sömu þjónustu um allt land fyrir innanlandssendingar, bæði bréf og pakka, og erlendar sendingar, bæði bréf og pakka, upp að vissri þyngd og á viðráðanlegu verði. Skyldan nær einnig til þess að móttaka allar sendingar frá einstaklingum og fyrirtækjum hvar sem er á landinu og dreifa þeim alls staðar eða koma þeim til ákvörðunarlands að uppfylltum ströngum gæðakröfum. Þessar breytingar hafa á undanförunum árum kallað á margvíslegar hagræðingaraðgerðir. Jafnt og þétt hefur félagið dregið úr umsvifum sínum á bréfamarkaði í takt við fækkun bréfa.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Verkefnið "bréf beint í póstbox" hefur vakið áhuga víðs vegar um land og hafa sveitarstjórnir á nokkrum stöðum óskað eftir því að fá slíka dreifingu í sína byggð. Nú bjóða tveir þéttbýliskjarnar á landsbyggðinni upp á dreifingu bréfa í póstbox; Kópasker og Hrafnagil. Hins vegar verður það ávallt að einhverju leyti pólitískt álitamál hver skilgreind lágmarkspjónusta eigi að vera, sem og útfærsla hennar. Dreifing á almennum bréfum í póstbox gæti gengið í dag í sumum af minni þéttbýlisstöðum landsins sem leið til að draga úr dreifingarkostnaði og auka hagkvæmni þjónustunnar. Hins vegar er ekki ennþá að hægt að dreifa öllum bréfum sem afhent eru í þéttbýli í gegnum póstbox, hvorki liggur fyrir tæknileg útfærsla á því né lagaleg heimild. Það er því í höndum stjórnvalda að taka ákvarðanir um mögulegt þjónustustig innan alþjónustu, t.d. vegalengdir sem íbúar þurfa að fara til að nálgast þjónustuna.

Fjárfestingar félagsins hafa m.a. miðað að því að þróa tækni sem gerir viðskiptavinum kleift að eiga gagnvirk viðskipti við félagið. Póstboxavæðing er liður í að fjölga afhendingar- og móttökustöðum pósts um allt land. Í árslok hafði þeim fjölgað úr 130 í 146 frá fyrra ári. Auk þess er aðgengi allan sólarhringinn að sendingum í póstboxum í stað þess að einskorðast við afgreiðslutíma mannaðra starfsstöðva. Áfram verður unnið að því að þróa og bæta þær þjónustuleiðir sem viðskiptavinum standa til boða á öllu landinu. Aukin áhersla verður lögð á nýjar afhendingar- og móttökuleiðir, ásamt frekari vinnu við sjálfvirknivæðingu. Það ætti að draga enn frekar úr kostnaði til framtíðar.

Ráðist var í uppfærslu mikilvægra grunnstoða í tölvukerfum félagsins á árinu og gekk sú uppfærsla ágætlega. Þetta er lykill til framtíðar varðandi sveigjanleika og vöxt í síaukinni samkeppni. Gagnadrifnar ákvarðanir hafa verið mikið áherslumál Íslandspósts undanfarin ár. Ávinningur þess er að nú eru 95% sendinga afhentar innan sólarhrings á landsvísu.

Skýrsla UPU sem kom félaginu í fréttirnar hefur verið uppfærð og sýnir nú raunsannari mynd af gæðum Póstsins. Samkvæmt skýrslunni er Íslandspóstur nú í 47. sæti póstfyrirtækja, sem telst mjög gott fyrir eyríki eins og okkar. Við skorum mjög hátt í áreiðanleika sem byggist á hraða sendinga til landsins. Unnið hefur verið að því hörðum höndum að nýta gögn betur við tollafgreiðslu áður en pakki kemur til landsins til að geta afhent hann um leið og greiðsla viðskiptavinar berst.

Aðgerðir stjórnenda til að laga reksturinn að breyttum markaðsaðstæðum hafa leitt til þess að Íslandspóstur er betur í stakk búinn að mæta áskorunum í rekstri. Lykilmælikvarðar sem notaðir eru við stjórn fyrirtækisins skila góðum rekstri. Mannauðurinn vegur þungt hjá félaginu og við leggjum áherslu á að valdefla starfsfólk og fela því ábyrgð og sjálfstæði í sínum daglegu störfum.

Árið 2024 voru stigin margvísleg skref í átt að sjálfbærni með það að leiðarljósi að sjálfbærni verði samofin menningunni. Unnið var að ýmsum verkefnum tengdum umhverfismálum til að draga úr kolefnislosun af starfsemi, í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun sem henni fylgir. Einnig er höfð hlidsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Íslandspóstur er aðili að alþjóðlegu sjálfbærnisamstarfi póstfyrirtækja, IPC SMMS (International Postal Corporation Sustainability Measurement & Management System). Samstarfið snýst um fjölbreytta þekkingarmiðlun og sameiginlega markmiðasetningu fyrirtækjanna um samdrátt í losun. Íslandspóstur afhenti gögn um umgjörð sjálfbærnimála hjá fyrirtækinu, losun gróðurhúsalofttegunda o.fl., sem tekin voru út af PwC í Belgíu. Áfram var unnið að tvöfaldri mikilvægisgreiningu og upplýsingaöflun tengdri flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy). Nánar er fjallað um ófjárhagslegar upplýsingar í viðaukum við ársreikning.

Árið 2024 einkenndist af áframhaldandi umbótaverkefnum þar sem þjónusta við viðskiptavininn og almenn hagræðing voru í forgrunni. Vertíðin, sem er tímabilið frá september fram í desember, gekk vel fyrir sig og engar tafir urðu á pósti í dreifikerfi landsins nema vegna veðurs. Aðlögun Póstmíðstöðvar hefur leitt til þess að afkastageta félagsins heldur í við magnið sem berst og dreifikerfið stendur af sér álagið. Gríðarleg aukning hefur orðið á póstagningu og móttöku pósts í gegnum póstbox og samkvæmt könnunum eru viðskiptavinir ánægðir með þessa þjónustubreytingu.

Gæðakerfið gengur út á að unnið sé eftir samræmdum ferlum, frávík séu greind, umbætur gerðar og kerfið allt rýnt reglulega. Sífelld er verið að reyna að koma auga á veikleika í starfsemi og bregðast við þeim, draga úr hvers konar sóun og stuðla þannig að sjálfbærni starfseminnar. Það skilar sér einnig í hagkvæmari rekstri.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Stjórnarhættir

Stjórn Íslandspóstis leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands og starfar í samræmi við eigandastefnu ríkisins, samþykktir félagsins og starfsreglur sem stjórn hefur sett sér. Í reglunum er meðal annars að finna skilgreiningu á valdsviði og verkaskiptingu stjórnar, ákvæði um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu og fleira.

Innra eftirlit felur í sér reglubundnar aðgerðir og ráðstafanir hlutaðeigandi aðila til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna og áreiðanleika upplýsinga til að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Innra eftirlit er byggt á COSO þar sem það er brotið niður í eftirlitsumhverfi, áhættumat, eftirlitsaðgerðir, upplýsingar og samskipti og vöktun innra eftirlits. Allt þetta er unnið í því skyni að Íslandspóstur nái markmiðum sínum.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing undirritaðra

Samkvæmt bestu vitneskju er ársreikningur þessi saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur laga um ársreikninga. Ársreikningurinn gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Skýrsla stjórnar geymir glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri Íslandspóstis og stöðu félagsins og lýsir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og forstjóri Íslandspóstis ohf. hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,
formaður stjórnar

Gísli Brynjólfsson,
varaformaður stjórnar

Baldvin Ólason
meðstjórnandi

Guðný Hrund Karlsdóttir
meðstjórnandi

Sara Sigurðardóttir,
varamaður stjórnar

Þórhildur Ólöf Helgadóttir
forstjóri

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Íslandspóstshöfðingis ehf.

Álit

Ársreikningur Íslandspóstshöfðingis ehf. fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Íslandspóstshöfðingis ehf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Íslandspósti ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslandspóstshöfðingis ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- > Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- > Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- > Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- > Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- > Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 27. febrúar 2025

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023* |
|--|-------|-----------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | 5 | 7.343.745 | 6.829.989 |
| Aðrar tekjur | | 296.440 | 279.015 |
| | | <u>7.640.185</u> | <u>7.109.004</u> |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 6 | (4.775.088) | (4.521.506) |
| Beinn kostnaður við póstdreifingu | | (1.157.092) | (1.292.202) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (861.445) | (725.658) |
| Kostnaður við endurskipulagningu | | (23.950) | (13.790) |
| | | <u>(6.817.575)</u> | <u>(6.553.155)</u> |
| Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta / EBITDA | | <u>822.610</u> | <u>555.849</u> |
| Afskriftir fastafjármuna | 8 | (560.822) | (472.590) |
| | | <u>261.789</u> | <u>83.259</u> |
| Rekstrarhagnaður | | <u>261.789</u> | <u>83.259</u> |
| Fjármunatekjur | 9 | 28.153 | 34.887 |
| Fjármagnsgjöld | 9 | (116.366) | (115.581) |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna | 15 | 44.755 | 33.340 |
| Gengismunur | 9 | (8.474) | (5.951) |
| | | <u>(51.933)</u> | <u>(53.306)</u> |
| Tekjuskattur | 10 | (22.385) | 673 |
| | | <u>187.471</u> | <u>30.626</u> |
| Hagnaður og heildarafkoma ársins | | <u><u>187.471</u></u> | <u><u>30.626</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| Eignir | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023* |
|--|--------------|-------------------|--------------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 11 | 3.560.032 | 3.535.551 |
| Óefnislegar eignir | 12 | 367.586 | 305.000 |
| Leigueignir | 18 | 511.820 | 528.969 |
| Langtímakröfur og skuldabréfaeign | 13 | 200.079 | 197.544 |
| Eignarhlutir í félögum | 15 | 89.899 | 61.584 |
| Tekjuskattsinneign | 21 | 84.893 | 107.279 |
| Fastafjármunir samtals | | 4.814.310 | 4.735.927 |
| Veltufjármunir | | | |
| Vörubirgðir | 17 | 113.886 | 113.437 |
| Viðskiptakröfur | 16 | 1.311.485 | 1.127.576 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 46.984 | 52.162 |
| Handbært fé | | 183.546 | 131.520 |
| Fastafjármunir til sölu | 11 | 32.967 | 29.551 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.688.868 | 1.454.245 |
| Eignir samtals | | 6.503.178 | 6.190.172 |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | | 2.947.500 | 2.947.500 |
| Annað bundið eigið fé | | 538.123 | 498.775 |
| Óráðstafað eigið fé | | 335.904 | 187.781 |
| Eigið fé samtals | 19 | 3.821.528 | 3.634.057 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 20 | 954.684 | 738.436 |
| Leiguskuldbinding | 18 | 478.239 | 487.663 |
| Langtímaskuldir samtals | | 1.432.923 | 1.226.098 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 461.615 | 483.602 |
| Næsta árs afborgun við lánastofnanir | 20 | 23.496 | 23.496 |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindingar | 18 | 81.773 | 82.413 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 22 | 681.843 | 740.506 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 1.248.727 | 1.330.017 |
| Skuldir alls | | 2.681.650 | 2.556.115 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 6.503.178 | 6.190.172 |

Yfirlit um eigið fé ársins 2024

| | Skýr. | Hlutfé | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|-------|-----------|-----------------------|---------------------|-----------|
| 2023* | | | | | |
| 1. janúar 2023 fyrir leiðréttingu | | 2.947.500 | 436.457 | 215.687 | 3.599.645 |
| Leiðrétting á opunarstöðu 2023 | | | | 3.786 | 3.786 |
| 1. janúar 2023 eftir leiðréttingu | | 2.947.500 | 436.457 | 219.473 | 3.603.431 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | | 950 | (950) | |
| Eignfærður þróunarkostnaður | | | 80.508 | (80.508) | |
| Afskrifaður þróunarkostnaður | | | (30.768) | 30.768 | |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага | | | 11.628 | (11.628) | |
| Hagnaður og heildarafkoma ársins | | | | 30.626 | 30.626 |
| 31. desember 2023 | 19 | 2.947.500 | 498.775 | 187.781 | 3.634.057 |

2024

| | | | | | |
|---|----|-----------|----------|----------|-----------|
| 1. janúar 2024 | | 2.947.500 | 498.775 | 187.781 | 3.634.057 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | | 9.996 | (9.996) | |
| Eignfærður þróunarkostnaður | | | 32.384 | (32.384) | |
| Afskrifaður þróunarkostnaður | | | (31.369) | 31.369 | |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага | | | 28.337 | (28.337) | |
| Hagnaður og heildarafkoma ársins | | | | 187.471 | 187.471 |
| 31. desember 2024 | 19 | 2.947.500 | 538.123 | 335.904 | 3.821.528 |

Annað bundið eigið fé

| | Skýr. | Lögbundinn varasjóður | Þróunar- kostnaður | Óinnleystur hagn. hlutdeildarféлага | Samtals |
|---|-------|-----------------------|-----------------------|--|----------|
| 2023* | | | | | |
| 1. janúar 2023 | | 382.554 | 53.903 | | 436.457 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 950 | | | 950 |
| Eignfærður þróunarkostnaður | | | 80.508 | | 80.508 |
| Afskrifaður þróunarkostnaður | | | (30.768) | | (30.768) |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага | | | | 11.628 | 11.628 |
| | 19 | 383.504 | 103.644 | 11.628 | 498.775 |

2024

| | | | | | |
|---|----|---------|----------|--------|----------|
| 1. janúar 2024 | | 383.504 | 103.644 | 11.628 | 498.775 |
| Lagt í lögbundinn varasjóð | | 9.996 | | | 9.996 |
| Eignfærður þróunarkostnaður | | | 32.384 | | 32.384 |
| Afskrifaður þróunarkostnaður | | | (31.369) | | (31.369) |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага | | | | 28.337 | 28.337 |
| | 19 | 393.500 | 104.658 | 39.965 | 538.123 |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023* |
|---|-------|------------------|------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður og heildarafkoma ársins | | 187.471 | 30.626 |
| Rekstrarliðir sem hreyfa ekki handbært fé: | | | |
| Afskriftir | 8 | 560.822 | 472.590 |
| (Söluhagnaður)/-tap eigna | | (44.358) | 3.959 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | 88.213 | 64.913 |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага | | (44.755) | (11.608) |
| Tekjuskattur | 10 | 22.385 | (673) |
| Hækkun, (lækkun) skuldbindinga | | 8.432 | (104) |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 778.211 | 559.704 |
| Vörubirgðir, (hækkun) | | (448) | (3.865) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | | (190.465) | 91.657 |
| Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) | | (84.932) | (139.167) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 502.365 | 508.329 |
| Innborgaðir vextir | | 28.111 | 37.326 |
| Greiddir vextir | | (523) | (13.576) |
| Handbært fé frá rekstri | | 529.954 | 532.079 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | 12 | (157.289) | (170.577) |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | (523.588) | (611.577) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 145.584 | 30.105 |
| Afborganir skuldabréfa | | 625 | 588 |
| Innborgaður arður | 15 | 16.440 | 21.732 |
| Fjárfestingahreyfingar | | (518.227) | (729.730) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Ný langtímalán | | 256.322 | 235.345 |
| Afborganir langtímaskulda | | (35.453) | (122.611) |
| Afborganir vaxtagjalda af langtímaláni | | (90.112) | (75.114) |
| Afborganir af leiguskuldbindingu | 18 | (90.641) | (88.526) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 40.116 | (50.906) |
| Hækkun, (lækkun) handbærs fjár | | 51.842 | (248.557) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 131.520 | 372.370 |
| Gengismunur handbærs fjár | | 183 | 7.707 |
| Handbært fé í lok árs | | 183.546 | 131.520 |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Íslandspóstur ohf. (félagið) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Íslandspóstur ohf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Höfðabakka 9D, 110 Reykjavík.

Í árslok 2024 á félagið eitt dótturfélag, Trönur ehf., en enginn rekstur er í því. Eignarhlutur Íslandspósts í dótturfélaginu er óverulegur í árslok og þar af leiðandi er ekki gerð samstæða.

Stjórn félagsins og forstjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni þann 27. febrúar 2025.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema í eftirfarandi tilvikum:

- Eignarhlutir í félögum eru færðir með hlutdeildaraðferð.
- Eignir flokkaðar til sölu eru færðar á því sem lægra reynist, bókfærðu verði eða gangvirði að frádrægnum sölukostnaði.

Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að undanskilinni flokkun á eignarhlutum, sjá skýringu 14. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

3. Innleiðing á nýjum og endurskoðuðum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil er hófst 1. janúar 2024, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir í útgáfu sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast síðar, en heimilt er að taka upp fyrr.

Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á stöðlum

IAS 1 - Flokkun skulda sem skammtímaskuldir eða langtímaskuldir og langtímaskuldir með lánaskilmálum.

Breytingar á ofangreindum staðli hafði óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi en munu hafa áhrif á reikningsskil félagsins í framtíðinni

Nýr staðall IFRS 18 - Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum (gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar).

- IFRS 18 mun koma í stað núverandi staðals, IAS 1 Framsetning reikningsskila, þar sem nýjar kröfur eru kynntar en markmiðið með staðlinum er að ná frekari samanburðarhæfni á fjárhagslega frammistöðu sambærilegra aðila og veita viðeigandi upplýsingar og gagnsæi fyrir notendur. Jafnvel þó að IFRS 18 hafi ekki áhrif á færslu eða mat á liðum í reikningsskilum, er búist við að áhrif hans á framsetningu og upplýsingagjöf verði víðtæk.

- Stjórnendur eru að leggja mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 18.

- Samstæðan mun beita nýja staðlinum frá gildistöku hans, 1. janúar 2027. Krafa er um að beita staðlinum afturvirk og því verða samanburðarupplýsingar fyrir reikningsárið sem lýkur 31. desember 2026 endurbirtar í samræmi við IFRS 18.

Skýringar

4. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningssskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á sögulegum gögnum og öðrum viðeigandi þáttum. Endanleg niðurstaða kann að vera frábrugðin þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrif breytinga á reikningshaldslegu mati eru færð á því tímabili sem matið er endurskoðað og síðari tímabilum ef við á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningssskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna
- Skýring 12 - mat á líftíma óefnislegra eigna
- Skýring 13 - mat á niðurfærslu langtímakrafna

5. Rekstrartekjur

| Rekstrartekjur greinast þannig: | 2024 | 2023 |
|--|------------------|------------------|
| Innlendar pósttekjur | 4.407.248 | 4.440.372 |
| Tekjur vegna alþjónustubyrði | 618.013 | 486.780 |
| Erlendar pósttekjur | 1.438.597 | 1.223.147 |
| Þjónustutekjur vegna erlendra sendinga | 879.887 | 679.689 |
| | <u>7.343.745</u> | <u>6.829.989</u> |

Íslandspóstur er útnefndur alþjónustuaðili sem skyldar Íslandspóst að taka á móti og dreifa bréfum og pökkum, innlendum og erlendum, a.m.k. tvisvar í viku til allra landsmanna alls staðar á landinu. Félaginu er einnig gert að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins á sviði póstmála. Greiðsluskylda íslenska ríkisins vegna þjónustunnar takmarkast við skilgreind óvirk markaðssvæði fyrir innlendar sendingar, bréf og pakka, annars vegar og fyrir dreifingu blindrasendinga um allt land hins vegar. Sjá nánar ákvörðun Póst og fjarskiptastofnunar nr. 13/2020, eins og henni var breytt með ákvörðun Bygðastofnunar nr. Á-14/2023.

Í samræmi við ákvörðun Bygðastofnunar, nr. Á-1/2025, þá hefur Íslandspósti verið ákvarðað endurgjald vegna hreins kostnaðar fyrir veitta þjónustu fyrir allt árið 2024, samtals 618 millj. kr.

Tekjur vegna alþjónustubyrði eru færðar meðal rekstrartekna og viðskiptakrafna félagsins í árslok 2024.

Þann 6. janúar 2025 greiddi ríkið 583,5 millj. kr. á grundvelli ákvörðunar Bygðastofnunar nr. Á-12/2024.

6. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2024 | 2023 |
|--|------------------|------------------|
| Laun | 3.744.120 | 3.516.579 |
| Lífeyrissjóður | 497.208 | 490.712 |
| Önnur launatengd gjöld | 335.383 | 330.443 |
| Annar starfsmannakostnaður | 198.377 | 183.772 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | <u>4.775.088</u> | <u>4.521.506</u> |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 460 | 472 |

Heildarlaun og mótframlag í lífeyrissjóð til forstjóra Íslandspósts ohf. námu á árinu 2024 um 38,9 millj. kr. samanboreið við 37 millj. kr. árið 2023. Heildarlaun og mótframlag í lífeyrissjóð til stjórnar félagsins og stjórnenda, utan forstjóra, á árinu 2024 námu um 137,6 millj. kr. en árið á undan nam þessi liður um 137,7 millj. kr.

Félagið hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur 6% af mismun heildarlauna og viðmiðunarlauna þeirra starfsmanna sem nýta sér rétt til greiðslu iðgjalda á sjóðinn meðan þeir starfa hjá félaginu.

Skýringar

7. Þóknun til Ríkisendurskoðunar

Greinist þannig:

| | 2024 | 2023 |
|--------------------------------|---------------|---------------|
| Endurskoðun ársreiknings | 8.267 | 7.359 |
| Könnun árshlutareiknings | 4.616 | 3.648 |
| | <u>12.883</u> | <u>11.007</u> |

8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|--|----------------|----------------|
| Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu nr. 11 | 393.829 | 310.256 |
| Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu nr. 12 | 95.337 | 92.497 |
| Afskriftir leigueigna, sbr. skýringu nr. 18 | 71.656 | 69.837 |
| | <u>560.822</u> | <u>472.590</u> |

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|-------------------|--------|--------|
| Vaxtatekjur | 28.153 | 34.887 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|--|------------------|------------------|
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (86.639) | (74.137) |
| Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum | (26.070) | (26.579) |
| Dráttarvaxtagjöld | (523) | (696) |
| Dráttarvaxtagjöld vegna biðlauna | 0 | (11.454) |
| Önnur vaxtagjöld | (3.135) | (2.715) |
| | <u>(116.366)</u> | <u>(115.581)</u> |

Gengismunur af fjáreignum og fjárskuldum greinist þannig:

| | | |
|-------------|---------|---------|
| Gengismunur | (8.474) | (5.951) |
|-------------|---------|---------|

Skýringar

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur 22,4 millj. kr. (2023: tekjufærð fjárhæð 0,7 millj. kr.). Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2025 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður vegna uppsafnaðs taps fyrri ára.

| Virkur tekjuskattur greinist þannig: | 2024 | | 2023 | |
|--|----------|--------|---------|--------|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 209.856 | | 29.953 | |
| Skatthlutfall | (44.070) | -21,0% | (5.991) | -20,0% |
| Breyting á tekjuskattshlutfalli | 4.043 | 1,9% | 0 | 0,0% |
| Hlud. í afk. dóttur-/hlud.félags | 9.399 | 4,5% | 6.668 | 22,3% |
| Ófrádráttarþær kostnaður | (4) | 0,0% | (4) | 0,0% |
| Aðrir liðir | 8.248 | 3,9% | 0 | 0,0% |
| Reiknaður tekjuskattur | (22.385) | -10,7% | 673 | 2,2% |

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir og lóðir | Áhöld, tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|------------------------|-----------------------------|-----------|
| Kostnaðarverð | | | |
| Staða 1. janúar 2023 | 4.453.925 | 3.332.970 | 7.786.895 |
| Endurflokkun á milli flokka | 1.817 | (1.817) | 0 |
| Eignfært á árinu | 38.140 | 502.281 | 540.421 |
| Fært meðal eigna flokkaðra til sölu | (63.369) | 0 | (63.369) |
| Selt og aflagt á árinu | (18.616) | (241.951) | (260.567) |
| Staða 1. janúar 2024 | 4.411.898 | 3.591.483 | 8.003.380 |
| Endurflokkun fastafjármuna | 0 | (635) | (635) |
| Eignfært á árinu | 52.328 | 505.705 | 558.032 |
| Fært meðal eigna flokkaðra til sölu | (56.758) | 0 | (56.758) |
| Selt og aflagt á árinu | (111.186) | (319.854) | (431.040) |
| Staða 31. desember 2024 | 4.296.281 | 3.776.699 | 8.072.980 |
| Afskriftir | | | |
| Staða 1. janúar 2023 | 2.046.794 | 2.371.100 | 4.417.894 |
| Afskrift ársins | 126.446 | 183.810 | 310.256 |
| Fært meðal eigna flokkaðra til sölu | (33.818) | 0 | (33.818) |
| Selt og aflagt á árinu | (18.616) | (207.887) | (226.503) |
| Staða 1. janúar 2024 | 2.120.806 | 2.347.023 | 4.467.829 |
| Afskrift ársins | 130.568 | 263.261 | 393.829 |
| Fært meðal eigna flokkaðra til sölu | (23.791) | 0 | (23.791) |
| Selt og aflagt á árinu | (77.615) | (247.305) | (324.920) |
| Staða 31. desember 2024 | 2.149.969 | 2.362.979 | 4.512.948 |
| Bókfært verð | | | |
| Bókfært verð 1. janúar 2023 | 2.407.131 | 961.870 | 3.369.001 |
| Bókfært verð 31. desember 2023 | 2.291.092 | 1.244.460 | 3.535.551 |
| Bókfært verð 31. desember 2024 | 2.146.312 | 1.413.720 | 3.560.032 |
| Afskriftarhlutföll | 0-4% | 10-33% | |

Í árslok eru tvær fasteignir félagsins flokkaðar til sölu, önnur í Búðardal en hin á Dalvík. Í fasteignunum voru áður rekin pósthús en þeim var lokað á árinu. Eignirnar eru færðar meðal veltufjármuna á því sem lægra reynist, bókfærðu verði eða gangverði að frádregnum sölukostnaði, alls 33,0 millj. kr.

Skýringar

11. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

Á eignum félagsins hvíla tryggingabréf og skuldabréf til tryggingar eftirstöðva skulda að fjárhæð 978 millj. kr. Allar fasteignir félagsins eru veðsettar.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok:

| | Fasteignamat | Váttrygginga- mat | Bókfært verð |
|---|--------------|----------------------|--------------|
| Fasteignir og lóðir | 2.960.560 | 5.226.549 | 2.146.312 |
| Áhöld, tæki og bifreiðar, eignatryggingar | | 3.892.426 | 1.413.720 |

Meðal fasteigna og lóða félagsins er eignarlóð félagsins á Stórhöfða 32, Reykjavík, en lóðarmat hennar er 257,4 millj. kr.

12. Óefnislegar eignir

| | Hugbúnaður |
|--------------------------------------|------------|
| Kostnaðarverð | |
| Staða 1. janúar 2023 | 807.977 |
| Eignfært á árinu | 170.577 |
| Staða 1. janúar 2024 | 978.554 |
| Endurflokkun fastafjármuna | 635 |
| Eignfært á árinu | 157.289 |
| Staða 31. desember 2024 | 1.136.478 |
| Afskriftir | |
| Staða 1. janúar 2023 | 581.057 |
| Afskrift ársins | 92.497 |
| Staða 1. janúar 2024 | 673.555 |
| Afskrift ársins | 95.337 |
| Staða 31. desember 2024 | 768.891 |
| Bókfært verð | |
| Bókfært verð 1. janúar 2023 | 226.919 |
| Bókfært verð 31. desember 2023 | 305.000 |
| Bókfært verð 31. desember 2024 | 367.586 |
| Afskriftarhlutföll | 20-33% |

Skýringar

13. Langtímakröfur og skuldabréfaeign

| | 2024 | 2023 |
|-------------------------------------|-----------|-----------|
| Staða í ársbyrjun | 458.296 | 420.650 |
| Viðbætur | 579.853 | 679.314 |
| Innborganir á árinu | (547.418) | (641.669) |
| Staða í árslok | 490.731 | 458.296 |
| Niðurfærsla langtímakrafna | (88.141) | (103.628) |
| Staða langtímakrafna | 402.590 | 354.668 |
| Skammtíamhluti langtímakrafna | (202.511) | (157.123) |
| Staða í árslok | 200.079 | 197.545 |

31.12.2024

| | Vænt útlánatap | Brúttó virði | Vænt útlánatap | Bókfært verð |
|--------------------------------------|----------------|--------------|----------------|--------------|
| Erlendar viðskiptakröfur 2024 | 10% | 393.533 | (37.699) | 355.834 |
| Erlendar viðskiptakröfur 2023 | 25% | 59.250 | (14.813) | 44.438 |
| Erlendar viðskiptakröfur 2022 | 90% | 8.425 | (7.583) | 843 |
| Erlendar viðskiptakröfur eldra | 95% | 29.522 | (28.046) | 1.476 |
| Samtals erl. viðskiptakröfur | | 490.731 | (88.141) | 402.590 |

31.12.2023

| | Vænt útlánatap | Brúttó virði | Vænt útlánatap | Bókfært verð |
|--------------------------------------|----------------|--------------|----------------|--------------|
| Erlendar viðskiptakröfur 2023 | 12% | 364.806 | (43.650) | 321.156 |
| Erlendar viðskiptakröfur 2022 | 45% | 56.857 | (25.586) | 31.271 |
| Erlendar viðskiptakröfur 2021 | 90% | 8.186 | (7.367) | 819 |
| Erlendar viðskiptakröfur eldra | 95% | 28.448 | (27.025) | 1.422 |
| Samtals erl. viðskiptakröfur | | 458.296 | (103.628) | 354.668 |

Kröfur á erlend pósthyrirtæki eru flokkaðar meðal fastafjármuna sem langtímakröfur. Um er að ræða kröfur sem myndast við uppgjör endastöðvatekna og -gjalda vegna póstsendinga milli landa. Greiðslur vegna viðskiptanna geta borist allt að tveimur og hálfu ári eftir að krafa myndast. Skuldabréfaeign í árslok 2024 nam 0,5 millj. kr. (2023: 1,0 millj. kr.) og greiðist upp á næsta ári.

| Breytingar á niðurfærslu langtímakrafna greinast þannig: | 2024 | 2023 |
|--|-----------|-----------|
| Staða í ársbyrjun | (103.628) | (151.127) |
| Breyting á niðurfærslu langtímakrafna | 15.487 | 47.499 |
| Staða í árslok | (88.141) | (103.628) |

Niðurfærsla langtímakrafna er byggð á mati og reynslu stjórnenda.

Skýringar

14. Breyting á reikningsskilaaðferð - flokkun eignarhluta

Í ársreikningi 2024 er gerð breyting á flokkun eignarhluta í félaginu Internet á Íslandi hf. Eignarhlutinn var færður á gangvirði í fyrri ársreikningum, en eftir greiningu á eignarhlutanum er ljóst að um er að ræða hlutdeildarfélag. Leiðréttingin hefur áhrif á fyrra árs tölur ársreikningsins, en breytingarnar eru óverulegar fyrir ársreikninginn í heild.

| | Fjárhæðir í ársreikningi 2023 | Breyting | Samanburðar- fjárhæðir í ársreikningi 2024 |
|--|-------------------------------------|---------------|--|
| Rekstrarreikningur | | | |
| Rekstrartekjur | 7.109.004 | | 7.109.004 |
| Rekstrargjöld | (6.553.155) | | (6.553.155) |
| Afskriftir | (472.590) | | (472.590) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (64.934) | 11.628 | (53.306) |
| Tekjuskattur | 673 | | 673 |
| Hagnaður ársins | <u>18.998</u> | <u>11.628</u> | <u>30.626</u> |
| Efnahagsreikningur | | | |
| Fastafjármunir | 4.720.513 | 15.414 | 4.735.927 |
| Veltufjármunir | <u>1.454.245</u> | | <u>1.454.245</u> |
| Eignir samtals | <u>6.174.758</u> | <u>15.414</u> | <u>6.190.172</u> |
| Eigið fé | 3.618.643 | 15.414 | 3.634.057 |
| Langtímaskuldir | 1.226.098 | | 1.226.098 |
| Skammtímaskuldir | <u>1.330.017</u> | | <u>1.330.017</u> |
| Eigið fé og skuldir | <u>6.174.758</u> | <u>15.414</u> | <u>6.190.172</u> |

Skýringar

15. Eignarhlutir í félögum

Reikningsskilaaðferðir

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en fer ekki með yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20-50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarféлага frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélag er færður hlutfallslega til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara eigna.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | 2024 | 2023 |
|-----------------------------|--------------|---------------|---------------|
| Trönur ehf. | 100% | 797 | 819 |
| Internet á Íslandi hf. | 19,57% | 89.102 | 60.765 |
| | | <u>89.899</u> | <u>61.584</u> |

Hlutdeildarafkoma í dóttur- og hlutdeildarfélagum greinist þannig:

| | 2024 | 2023 |
|-----------------------------|---------------|---------------|
| Trönur ehf. | (22) | (20) |
| Internet á Íslandi hf. | 44.777 | 33.360 |
| | <u>44.755</u> | <u>33.340</u> |

Trönur ehf.

Félagið á 100% hlut í Trönur ehf. Engin starfsemi er í félaginu. Afkoma ársins er færð í rekstrarreikning undir hlutdeildarafkomu.

Internet á Íslandi hf.

Eignarhlutur Íslandspóstis í Internet á Íslandi hf. er flokkaður sem hlutdeildarfélag í árslok 2024. Íslandspóstur á rétt tæplega 20% eignarhlut í félaginu og skipar einn stjórnarmann í félaginu af fimm stjórnarmönnum eða 20% stjórnarmanna. Íslandspóstur er því með veruleg áhrif í Internet á Íslandi hf.

| | 2024 | 2023 |
|---|----------------|----------------|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 60.765 | 49.137 |
| Hlutdeild í afkomu | 44.777 | 33.360 |
| Arður | (16.440) | (21.732) |
| Bókfært verð í árslok | <u>89.102</u> | <u>60.765</u> |
| | <u>2024</u> | <u>2023</u> |
| Fastafjármunir | 48.032 | 56.475 |
| Veltufjármunir | 549.478 | 347.827 |
| Langtímaskuldir | 0 | (41.498) |
| Skammtímaskuldir | (175.871) | (85.953) |
| Hreinar eignir (100%) | <u>421.639</u> | <u>276.852</u> |
| Eignarhluti í árslok (19,57%) | 89.102 | 60.765 |
| Tekjur (100%) | 526.915 | 468.544 |
| Hagnaður (100%) | 228.787 | 170.453 |
| Hlutdeild í heildarhagnaði (19,57%) | 44.777 | 33.360 |

Skýringar

16. Viðskiptakröfur

| | 2024 | 2023 |
|--|-----------|-----------|
| Viðskiptakröfur, innlendar | 1.128.974 | 990.453 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (20.000) | (20.000) |
| Staða innlendra viðskiptakrafna í árslok | 1.108.974 | 970.453 |
| Viðskiptakröfur, erlendar, skýring 13 | 202.511 | 157.123 |
| Staða viðskiptakrafna í árslok | 1.311.485 | 1.127.576 |

31.12.2024

| | Vænt útlánatap | Brúttó virði | Vænt útlánatap | Bókfært verð |
|-------------------------------------|----------------|--------------|----------------|--------------|
| Ógjaldfallnar kröfur | 1% | 1.109.305 | (7.980) | 1.101.325 |
| 1-30 daga | 30% | 3.223 | (967) | 2.256 |
| 31-60 daga | 35% | 1.313 | (460) | 854 |
| > 61 dags | 70% | 15.133 | (10.593) | 4.540 |
| Samtals innl. viðskiptakröfur | | 1.128.974 | (20.000) | 1.108.974 |

31.12.2023

| | Vænt útlánatap | Brúttó virði | Vænt útlánatap | Bókfært verð |
|-------------------------------------|----------------|--------------|----------------|--------------|
| Ógjaldfallnar kröfur | 1% | 966.140 | (5.813) | 960.327 |
| 1-30 daga | 30% | 4.603 | (1.381) | 3.222 |
| 31-60 daga | 35% | 2.830 | (991) | 1.840 |
| > 61 dags | 70% | 16.879 | (11.815) | 5.064 |
| Samtals innl. viðskiptakröfur | | 990.453 | (20.000) | 970.453 |

Breytingar á niðurfærslu innlendra viðskiptakrafna greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|--|----------|----------|
| Staða í ársbyrjun | (20.000) | (20.000) |
| Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna | (4.807) | (1.260) |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | 4.807 | 1.260 |
| Staða í árslok | (20.000) | (20.000) |

Niðurfærsla viðskiptakrafna er byggð á mati og reynslu stjórnenda. Viðskiptakröfur eru afskráðar þegar þær eru sannarlega tapaðar samkvæmt lögum nr. 90/2003.

17. Vörubirgðir

| | 2024 | 2023 |
|-------------------------------------|---------|---------|
| Birgðir rekstrar- og söluvara | 76.274 | 72.903 |
| Frímerkjabirgðir | 37.612 | 40.535 |
| | 113.886 | 113.437 |

Félagið færir alls 6 millj. kr. (2023: 6 millj. kr.) vegna niðurfærslu á birgðum. Kostnaðarverð seldra vara nam 12 millj. kr. (2023: 20 millj. kr.).

Skýringar

18. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru í efnahagsreikning. Upplýsingar um nýtingarrétt vegna leigueigna og leiguskuldbindingu er að finna hér að neðan.

| Leigueignir | Fasteignir |
|---------------------------------------|------------|
| Staða 1. janúar 2023 | 554.439 |
| Verðbætur af leiguskuldbindingu | 44.366 |
| Afskriftir | (69.837) |
| Staða 1. janúar 2024 | 528.969 |
| Verðbætur af leiguskuldbindingu | 54.508 |
| Afskriftir | (71.656) |
| Staða 31. desember 2024 | 511.820 |
| Tímalengd samninga | 3-10 ár |

Meðal leigueigna er leiga á skrifstofuhúsnæði sem er færð á 399,6 millj. kr. Tímalengd samningsins er til ársins 2034 og er án uppsagnarákvæðis.

| Upphæðir færðar í rekstrarreikning | 2024 | 2023 |
|--|---------|---------|
| Afskriftir af nýtingarrétti | 71.656 | 69.837 |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu | 26.070 | 26.579 |
| Gjaldfært vegna skammtímaleigu | 65.900 | 54.436 |
| Samtals gjaldfært á árinu | 163.626 | 150.851 |

Félagið greiddi 157 millj. kr. í húsaleigu (2023: 143 millj. kr).

| Leiguskuldir | Fasteignir |
|---|------------|
| Staða 1. janúar 2023 | 587.657 |
| Verðbætur af leiguskuldbindingu | 44.366 |
| Vaxtagjöld á árinu | 26.579 |
| Leigugreiðslur á árinu | (88.526) |
| Staða 1. janúar 2024 | 570.076 |
| Verðbætur af leiguskuldbindingu | 54.508 |
| Vaxtagjöld á árinu | 26.070 |
| Leigugreiðslur á árinu | (90.641) |
| Næsta árs afborgun leiguskulda færð meðal skammtímaskulda | (81.773) |
| Staða 31. desember 2024 | 478.239 |

Skýringar

18. Leigusamningar (frh.)

Leiguskuldbinding

| Gjalddagagreining - ónúvirt samningsbundið greiðsluflæði | 2024 | 2023 |
|--|----------------|----------------|
| Innan árs | 83.495 | 83.405 |
| Eftir ár en innan 5 ára | 301.517 | 277.744 |
| 5 ár og síðar | 299.947 | 351.723 |
| Samtals ónúvirtar leiguskuldir 31. desember | <u>684.959</u> | <u>712.872</u> |
| Skammtímaskuldir | 81.773 | 82.413 |
| Langtímaskuldir | 478.239 | 487.663 |
| Leiguskuldir á efnahagsreikningi 31. desember | <u>560.012</u> | <u>570.076</u> |

19. Eigið fé

Hlutafé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---------------------------------|-----------|----------|-----------|
| Heildarhlutafé 31.12.2024 | 2.947.500 | 100% | 2.947.500 |

Heildarhlutafé í árslok var 2.947,5 millj. kr., nafnverð hvers hlutar er ein íslensk króna og jafngildir hver króna nafnverðs einu atkvæði.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði. Tillag í varasjóð skal nema a.m.k. 10% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 10% af nafnverði hlutafjár, en eftir það er tillagið a.m.k. 5% af hagnaði þar til hlutfall varasjóðs nemur 25% af nafnverði hlutafjár.

Þróunarkostnaður, eignfærður meðal eigin fjár

Í samræmi við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, ber félögum sem eignfæra þróunarkostnað vegna óefnislegra eigna að færa sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á sérstakan lið meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af. Þann lið meðal eigin fjár skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar eignfærðs þróunarkostnaðar. Einnig skal leysa upp liðinn ef eignin er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð.

Óinnleystur hagnaður hlutdeildarfélaga meðal eigin fjár

Nemi hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, sem færð er í rekstrarreikning, hærrí fjárhæð en mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta skal mismunurinn færður af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Sé hlutdeild félags í hlutdeildarfélagi seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé eða ójafnað tap eftir atvikum.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsöfnuð óráðstöfuð afkoma félagsins að frádregnum arðgreiðslum og millifærslum á móti öðrum eiginfjárliðum.

Eiginfjárstýring

Þegar ríkið fer með eignarhald í félagi er lögð mikil áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur þess. Jafnframt er lögð áhersla á að félög í eigu þess, sérstaklega þegar þau sinna samkeppnisrekstri, skili ásættanlegri afkomu og tryggi viðhald tekjumyndandi eigna. Í því felst m.a. að ríkissjóður fái eðlilega ávöxtun af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar.

Skýringar

20. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|--|---------------------------|----------------|
| | 2024 | 2023 |
| Óverðtryggðar skuldir í ISK | 597.117 | 530.613 |
| Skuldir í EUR | 169.514 | 106.754 |
| Skuldir í USD | 211.549 | 124.564 |
| Næsta árs afborgun vaxtaberandi langtímaskulda, skammtímahluti | (23.496) | (23.496) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir í árslok | <u>954.684</u> | <u>738.436</u> |

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|----------------------------|---------------------------|----------------|
| | 2024 | 2023 |
| Afborganir 2025/2024 | 23.496 | 23.496 |
| Afborganir 2026/2025 | 113.496 | 254.814 |
| Afborganir 2027/2026 | 404.559 | 23.496 |
| Afborganir 2028/2027 | 23.496 | 23.496 |
| Afborganir 2029/2028 | 23.496 | 23.496 |
| Afborganir 2030/2029 | 23.496 | 23.496 |
| Afborganir síðar | 366.142 | 389.638 |
| | <u>978.180</u> | <u>761.931</u> |

Vegfir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 2024 | 2023 |
|--------------------------------|------|-------|
| Skuldir við lánastofnanir..... | 9,7% | 10,8% |

Hreyfingar vaxtaberandi langtímaskulda

| | 2024 | 2023 |
|-------------------------|----------------|----------------|
| Staða 1. janúar..... | 761.931 | 653.224 |
| Afborganir..... | (910.453) | (452.611) |
| Endurfjármögnun..... | 1.131.322 | 565.345 |
| Gengismunur..... | (4.621) | (4.027) |
| Staða 31. desember..... | <u>978.180</u> | <u>761.931</u> |

Lánasamningar félagsins innihalda skilmála sem félaginu ber að hlíta, en ekki er um að ræða fjárhagslega skilmála. Félagið uppfyllti alla lánaskilmála í lok árs 2024 og ekkert sem bendir til annars en þeir haldi árið 2025.

Frá miðju ári var reglulega dregið á lánalínu í EUR og USD og þær fullnýttar í árslok. Staða á lánalínu í ISK í árslok var 90 millj. kr. og var hún greidd upp í byrjun árs 2025.

Skýringar

21. Tekjuskattsinnæign

| | Inneign | |
|---|----------|---------|
| | 2024 | 2023 |
| Staða í ársbyrjun | 107.279 | 106.606 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins | (22.385) | 673 |
| Staða í árslok | 84.893 | 107.279 |

Tekjuskattsinnæign/(-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | 2024 | 2023 |
|--|--------|---------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 62.879 | 49.603 |
| Leiguskuldbinding | 10.120 | 8.221 |
| Veltufjáreignir | 6.155 | 10.237 |
| Frestaður gengismunur | 1.603 | (3.227) |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | 4.136 | 42.444 |
| | 84.893 | 107.279 |

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

| | |
|-------------------------------|--------|
| Frá hagnaði ársins 2029 | 19.693 |
|-------------------------------|--------|

22. Aðrar skammtímaskuldir

| | 2024 | 2023 |
|--|---------|---------|
| Virðisaukaskattur | 69.109 | 51.590 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 53.550 | 104.845 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 488.441 | 473.859 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 1.480 | 1.819 |
| Aðrar skuldir | 69.262 | 108.393 |
| | 681.843 | 740.506 |

23. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem fer með alla eignarhluti Íslandspósts ohf., íslenska ríkið, fyrirtæki og stofnanir sem tilheyra því, lykilstjórnendur og þeir sem tengjast þeim nánnum fjölskyldutengslum. Lykilstjórnendur félagsins eru þeir sem hafa völd og ábyrgð til þess að skipuleggja, stjórna og hafa eftirlit með rekstri félagsins. Lykilstjórnendur félagsins eru stjórn, forstjóri og framkvæmdastjórn félagsins. Félagið á viðskipti við tengda aðila sína og eru viðskiptin verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða. Félagið nýtir sér undanþágu skv. IAS 24.25 fyrir félög í ríkiseigu. Vísað er þó til skýringar nr. 5 vegna verulegrar þjónustu við tengdan aðila.

Skýringar

24. Fjáreignir og fjárskuldir

| Fjáreignir | 2024 | 2023 |
|--|------------------|------------------|
| Langtímakröfur og skuldabréfaeign | 200.079 | 197.544 |
| Viðskiptakröfur | 1.311.485 | 1.127.576 |
| Handbært fé | 183.546 | 131.520 |
| | <u>1.695.110</u> | <u>1.456.640</u> |
| Fjárskuldir | | |
| Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir | 978.180 | 761.931 |
| Viðskiptaskuldir | 461.615 | 483.602 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 681.843 | 740.506 |
| | <u>2.121.638</u> | <u>1.986.040</u> |

25. Fjárhagsleg áhættustýring

Íslandspóstur stýrir fjármagni sínu þannig að félagið viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

Gangvirði

Óverulegur munur er á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum félagsins er í erlendum gjaldmiðlum, og ber félagið áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Félagið reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptagjaldmiðlum.

Skýringar

25. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem hafa áhrif á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

| 31. desember 2024: | Gengi | Eignir | Skuldir | Hrein staða |
|--------------------|-------|----------------|----------------|----------------|
| EUR | 143,9 | 259.708 | 174.718 | 84.990 |
| USD | 138,2 | 393 | 211.756 | (211.363) |
| XDR | 180,4 | 272.906 | 0 | 272.906 |
| GBP | 173,3 | 0 | 36.173 | (36.173) |
| Aðrar myntir | | 8 | 1.044 | (1.036) |
| | | <u>533.015</u> | <u>423.690</u> | <u>109.324</u> |

| 31. desember 2023: | Gengi | Eignir | Skuldir | Hrein staða |
|--------------------|-------|----------------|----------------|---------------|
| EUR | 150,5 | 48.177 | 117.512 | (69.335) |
| USD | 136,2 | 33 | 158.734 | (158.702) |
| XDR | 183,0 | 345.923 | 54.423 | 291.499 |
| GBP | 173,2 | 0 | 36.148 | (36.148) |
| Aðrar myntir | | 0 | 2.548 | (2.548) |
| | | <u>394.133</u> | <u>369.365</u> | <u>24.767</u> |

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

| Áhrif á afkomu og eigið fé: | 31.12.2024 | | 31.12.2023 | |
|-----------------------------|--------------|---------------|--------------|--------------|
| | 5% | 10% | 5% | 10% |
| EUR | 4.250 | 8.499 | (3.467) | (6.933) |
| USD | (10.568) | (21.136) | (7.935) | (15.870) |
| XDR | 13.645 | 27.291 | 14.575 | 29.150 |
| GBP | (1.809) | (3.617) | (1.807) | (3.615) |
| Aðrar myntir | (52) | (104) | (127) | (255) |
| | <u>5.466</u> | <u>10.932</u> | <u>1.238</u> | <u>2.477</u> |

Skýringar

25. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagerna muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem langtímaskuldir félagsins bera óverðtryggða, breytilega vexti. Áhættunni er stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun.

Vaxtakjör á lántökum félagsins koma fram í skýringu 20 fyrir langtímaskuldir. Allar vaxtaberandi skuldir félagsins, alls 978,2 millj. kr., bera breytilega óverðtryggða vexti (31. desember 2023: 761,9 millj. kr. breytilega óverðtryggða vexti).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

| | 31.12.2024 | | 31.12.2023 | |
|----------------------------------|------------|---------|------------|---------|
| | 50 pkt | 100 pkt | 50 pkt | 100 pkt |
| Áhrif á afkomu og eigið fé | 4.891 | 9.782 | 3.810 | 7.619 |

Verðbólguáhætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 978,2 millj. kr. eru óverðtryggðar á breytilegum vöxtum (31. desember 2023: 761,9 millj. kr. óverðtryggðar á breytilegum vöxtum) og hefur þróun neysluvísitölu ekki bein áhrif á bókfærða stöðu skuldanna og sjóðstreymi tengt þeim, einungis breyting á óverðtryggðum vöxtum. Ársbreyting vísitölnunnar fór úr 7,7% í árslok 2023 í 4,8% í árslok 2024 sem hefur þó haft lítil áhrif á óverðtryggða vexti vaxtaberandi skulda félagsins til lækkunar.

Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst hættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu og settar hafa verið útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina ásamt bankaábyrgðum til að lágmarka lánsáhættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breyttar aðstæður mótaðila. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta er sundurliðuð hér að neðan:

| | 2024 | 2023 |
|---|------------------|------------------|
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur, brúttó | 288.220 | 301.172 |
| Viðskiptakröfur, brúttó | 1.311.485 | 1.127.576 |
| Handbært fé | 183.546 | 131.520 |
| | <u>1.783.251</u> | <u>1.560.268</u> |

Skýringar

25. Fjárhagsleg áhættustýring, frh.

Töflurnar hér að neðan sýna bókfært verð fjáreigna eftir aldri (fjöldi daga fram yfir gjalddaga) og flokkun:

| 31. desember 2024: | Skuldabréfaeign og langtímakr. | Viðskiptakröfur | Samtals |
|--------------------|-----------------------------------|------------------|------------------|
| Ógjaldfallið | 288.220 | 1.303.836 | 1.592.055 |
| 1-30 daga | | 2.256 | 2.256 |
| 31-60 daga | | 854 | 854 |
| > 61 dags | | 4.540 | 4.540 |
| | <u>288.220</u> | <u>1.311.485</u> | <u>1.599.705</u> |
| 31. desember 2023: | Skuldabréfaeign og langtímakr. | Viðskiptakröfur | Samtals |
| Ógjaldfallið | 301.172 | 1.117.450 | 1.418.623 |
| 1-30 daga | | 3.222 | 3.222 |
| 31-60 daga | | 1.840 | 1.840 |
| > 61 dags | | 5.064 | 5.064 |
| | <u>301.172</u> | <u>1.127.576</u> | <u>1.428.748</u> |

Félagið metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tíma á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldursflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjánhætta með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að tryggja að félagið geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið. Innheimta innlendra viðskiptakrafna hefur verið góð á árinu og vel fylgst með þróun á þeim.

| Skuldir 31. desember 2024: | Innan árs | 2026 | 2027 | eða síðar | Samtals |
|----------------------------|------------------|----------------|----------------|----------------|------------------|
| Óvaxtaberandi | 1.143.458 | | | | 1.143.458 |
| Breytil. vextir | 23.496 | 113.496 | 404.559 | 436.630 | 978.180 |
| Leiguskuldb. | 81.773 | 81.773 | 77.134 | 319.333 | 560.012 |
| | <u>1.248.727</u> | <u>195.269</u> | <u>481.692</u> | <u>755.962</u> | <u>2.681.650</u> |
| Skuldir 31. desember 2023: | Innan árs | 2025 | 2026 | eða síðar | Samtals |
| Óvaxtaberandi | 1.224.108 | | | | 1.224.108 |
| Breytil. vextir | 23.496 | 254.814 | 23.496 | 460.126 | 761.931 |
| Leiguskuldb. | 82.413 | 70.498 | 70.498 | 346.667 | 570.076 |
| | <u>1.330.017</u> | <u>325.312</u> | <u>93.994</u> | <u>806.792</u> | <u>2.556.116</u> |

Skýringar

26. Lögfræðimál

Í byrjun árs 2024 framkvæmdi Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands úttekt á starfsemi Íslandspóst sem umboðsaðila Western Union á Íslandi. Niðurstöður úttektar lágu fyrir undir lok árs 2024 með athugasemdum sem Íslandspóstur svaraði í byrjun árs 2025. Endanlegar niðurstöður úttektarinnar liggja ekki fyrir.

27. Aðrar upplýsingar um rekstrarumhverfi

Póst- og fjarskiptastofnun útnefndi Íslandspóst með ákvörðun sinni nr. 13/2020, dags. 11. desember 2020, sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu um land allt. Útnefningin tekur til eftirfarandi þjónustu:

- Bréf allt að 2 kg
- Magnpóstur allt að 50 g
- Pakkar allt að 10 kg (innan lands)
- Pakkar allt að 20 kg (til og frá landinu)
- Ábyrgðarsendingar
- Tryggðar sendingar
- Blindrasendingar allt að 2 kg

Útnefningunni var breytt með ákvörðun Bygðastofnunar nr. Á-14/2023, þegar dreifing á pökkum allt að 10 kg innan lands var felld niður, nema á óvirkum markaðssvæðum. Útnefningin er til allt að tíu ára.

28. Helstu reikningskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjuskráning félagsins endurspeglar það gagngjald sem félagið væntir að fá vegna sölu á þjónustu og vöru til viðskiptavinar. Tekjur félagsins af samningum við viðskiptavini myndast einkum af sölu pósthjónustu sem felur meðal annars í sér dreifingu á bréfum, pökkum og tilheyrandi þjónustu. Tekjur eru skráðar þegar samningsskylda félagsins hefur verið uppfyllt. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Erlendar pósttekjur sem varða reikningsárið eru færðar til eignar sem langtímakröfur en um er að ræða kröfur á erlend póstfyrirtæki sem myndast við uppgjör viðskipta á póstsendingum á milli landa og geta greiðslur vegna viðskiptanna borist allt að tveimur og hálfu ári eftir að krafa myndast.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skýringar

28. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn nema þegar hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 21%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu viðskiptavildar. Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð þeirra samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Eftir upphaflega skráningu eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar línulega af afskrifanlegri fjárhæð miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning. Afskrifanleg fjárhæð er kostnaðarverð að frádregnu væntu hrakvirði. Lóðir og lönd eru ekki afskrifuð. Upplýsingar um afskriftarhlutföll eigna má finna í skýringu nr. 11.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna telst mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem salan á sér stað.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og hrakvirði eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef þörf krefur.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samstanda af hugbúnaði sem hefur takmarkaðan líftíma og eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaður vegna hugbúnaðar sem þróaður er innan félagsins er færður sem eign þegar félagið getur sýnt fram á áætlun sína og getu til að ljúka þróun hugbúnaðarins, að noktun hugbúnaðarins muni skapa efnahagslegan ávinning í framtíðinni og þegar félagið getur með áreiðanlegum hætti metið kostnaðinn við að ljúka þróunarvinnunni. Eignfærður kostnaður felur í sér allan kostnað sem beintengdur er þróun hugbúnaðarins. Kostnaður sem fellur til síðar vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðarávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning meðal afskrifta á áætluðum nýtingartíma eignanna. Upplýsingar um áætlaðan nýtingartíma má finna í skýringu nr. 12.

Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Félagið skráir allar fjáreignir sínar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir samstanda af langtímakröfum, skuldabréfum, viðskiptakröfum og handbæru fé.

Fjáreignir sem áætlað er að halda til gjalddaga og samningsbundið greiðslufæði þeirra samstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreiningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru langtímakröfur og viðskiptakröfur.

Skýringar

28. Reikningsskilaaðferðir (frh.)

Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi. Fjáreignir félagsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru langtímakröfur, viðskiptaköfur og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir félagið einfaldaðri nálgun. Sú nálgun gerir ráð fyrir að félagið meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum félagsins er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til tapaðra krafna félagsins í sögulegu samhengi, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi í skýringu nr. 25.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafi áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Félagið færir sértæka niðurfærslu á fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægán hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Til kostnaðarverðs telst allur kostnaður við kaup auk alls kostnaðar við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand. Með dagverði er átt við áætlað söluverð að frádregnum áætluðum kostnaði við sölu.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur félagið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Félagið skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði, þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding og nýtingarréttur af leigueign eru upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi eða, ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum auk breytilegra greiðslna vegna vísitölu, vænts hrakvirðis og kaupréttá á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir og að frádregnum leiguhvötum. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Félagið endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueignir eru afskrifaðar á því sem styttra reynist, líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar af leigueign felur í sér kauprétt á viðkomandi leigueign, þá er nýtingarrétturinn afskrifaður á líftíma leigueignarinnar. Nýtingarréttur vegna leigueignar er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti leigueignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Fjárskuldir

Fjárskuldir félagsins samstanda af viðskiptaskuldum, öðrum skammtímaskuldum og skuldum við lánastofnanir. Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Skilgreining á hugtökum sem koma ekki fram í IFRS

EBITDA Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага er ekki innifalin í EBITDA.

Óendurskoðaðir viðaukar

Ófjárhagslegar upplýsingar

Íslandspóstur ohf. gegnir veigamiklu hlutverki í að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með því að miðla mikilvægum upplýsingum, gögnum og vörum um allt land. Fjöldi póstsendinga sem starfsfólk Íslandspósts handleikur hvern dag hleypur á tugum þúsunda. Þar að auki á Íslandspóstur traust samstarf við póstfyrirtæki um allan heim sem tryggir þéttleika dreifikerfisins. Póstþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki, ekki síst fyrir atvinnulíf, og er grundvöllur vefverslunar. Í stefnu Evrópusambandsins um stafrænan innri markað (e. Digital Single Market eða DSM) er lögð sérstök áhersla á að virk og áreiðanleg póstþjónusta sé forsenda virkrar vefverslunar milli landa.

Samfélagsábyrgð

Íslandspóstur gerir sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni og leggur ríka áherslu á jafnvægi milli umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Sýn fyrirtækisins er að sjálfbærni verði samofin menningu Póstsins og hluti allrar ákvarðanatöku.

Íslandspóstur hefur sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu og unnið er að orkuskiptum bílaflotans í takt við markmið stjórnvalda í loftslagsmálum, auk ýmissa annarra verkefna sem dregið geta úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi og haft jákvæð áhrif fyrir samfélagið og aðra hagaðila Póstsins. Til að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í stærra samhengi vinnur Íslandspóstur að sjö af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og tekur þátt í alþjóðlegu sjálfbærnisamstarfi póstfyrirtækja (IPC SMMS).

Íslandspóstur ohf. hefur farið í gegnum úttekt á áhættumati vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt lögum nr. 140/2018 og vinnur samkvæmt því. Áhættumatið er tekið út á þriggja ára fresti.

Mannauður

Starfsfólk Íslandspósts er ein mikilvægasta auðlind félagsins. Lögð er áhersla á valdeflingu stjórnenda með námskeiðum og margvíslegum öðrum hætti. Jafnréttismál skipta miklu máli og við höfum skuldbundið okkur til áframhaldandi vegferðar í jafnréttisbaráttunni.

Árið 2024 störfuðu að meðaltali 589 starfsmenn hjá Íslandspósti í 460 stöðugildum. Mikil áhersla er lögð á mánaðarlegar mannauðsmælingar og eftirfylgni með úrbótum sem þar koma fram en slíkt er til bóta bæði fyrir starfsfólk og fyrirtækið í heild. Markvisst er unnið að því að eyða út kynbundnum launamun en markmiðið er að hann sé 0%, með leyfilegum frávikum +/- 1%. Óútskýrður kynbundinn launamunur af grunnlaunum árið 2024 var 0,01%, konum í vil en af föstum launum var óútskýrður launamunur 0,08% körlum í vil. Pósturinn er með jafnlaunavottun sem gildir til ársins 2027.

Siðferði, spilling, mútur og mannréttindi

Íslandspóstur virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar fari eftir gildandi lögum hvað varðar allt starfsfólk þeirra, bæði launþega og undirverktaka.

Áhættustefna, innra eftirlit og mannauðsstefna taka á aðgerðum tengdum siðferði, spillingu, mannréttindum og mútum.

Óendurskoðaðir viðaukar

Sjálfbærni

Samhliða ársreikningum er birt sjálfbærniuppgjör Íslandspósts 2024 og viðskiptalíkan ásamt umfjöllun um umgjörð sjálfbærnimála, helstu hagaðila, tvöfalda mikilvægisgreiningu, alþjóðlegt sjálfbærnisamstarf og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Að því búnu er fjallað um sex mikilvægustu málaflokkana í starfsemi Íslandspósts samkvæmt mikilvægisgreiningu, skipt eftir umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Greint er frá ýmis konar árangri sem tengist hverjum þætti og markmiðum til lengri og skemmri tíma.

Við tengjum fólk, fyrirtæki og samfélög

Þjónusta Íslandspósts felst í að taka á móti, flokka, flytja og afhenda póstsendingar eftir fjölbreyttum leiðum. Dreifikerfi hans nær til allra heimila og fyrirtækja landsins og um víða veröld. Í víðtæku dreifikerfi Íslandspósts eru fólgin mikil verðmæti en öflugir sameiginlegir innviðir fyrir póstdreifingu eru hagar fólks um allt land.

Íslandspóstur er opinbert hlutafélag sem á sér langa sögu og starfar á samkeppnismarkaði. Íslandspóstur er jafnframt útnefndur af stjórnvöldum til að veita alþjónustu á grundvelli laga um pósthjónustu. Mannauðurinn vegur þungt hjá Póstinum. Við viljum valdefla starfsfólk og fela því ábyrgð og verðug verkefni. Gildin okkar eru traust, vilji og framsækni.

Viðfangsefni Íslandspósts hafa breyst undanfarin ár með breyttum þörfum og óskum viðskiptavina. Samhliða þarf að grípa til áhrifaríkra aðgerða í umhverfis- og loftslagsmálum. Hvort tveggja kallar á umbreytingu og uppbyggingu innviða, nýjar tæknilausnir, fjölgun póstboxa og orkuskipti bílaflotans.

Í umbreytingunum felst áhætta en um leið helstu tækifæri Póstsins til framtíðar. Viðskiptavinurinn er í öndvegi en sýn Íslandspósts er að mæta viðskiptavininum þar sem hann er staddur – með sjálfbærni að leiðarljósi.

Umgjörð sjálfbærnimála

Forstjóri ásamt framkvæmdastjórn og stjórn bera ábyrgð á að tryggja ábyrga starfsemi fyrirtækisins og þar gegnir allt starfsfólk einnig mikilvægu hlutverki. Í sjálfbærni ráði sitja fulltrúar allra sviða en hlutverk þess er að fjalla um sjálfbærni í starfsemi Íslandspósts í víðtækum skilningi. Ráðið fundar reglulega og skilar tillögum til framkvæmdastjórnar sem tekur endanlegar ákvarðanir um verkefni og áherslur.

Síðustu tvö ár hafa sjálfbærni ráð og framkvæmdastjórn unnið að tvöfaldri mikilvægisgreiningu. Mælt er fyrir um að upplýsingagjöf fyrirtækja skuli byggjast á slíkri greiningu í tilskipun ESB um sjálfbærniupplýsingagjöf (Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD). Íslandspóstur undirbýr jafnframt sjálfbærniupplýsingagjöf sem byggist á CSRD og framseldri reglugerð Framkvæmdastjórnar (ESB) 2023/2772 Evrópskir staðlar um sjálfbærniupplýsingagjöf (ESRS).

Samhliða ársskýrslunni birtir Íslandspóstur sjálfbærniuppgjör fyrir árið 2024. Það er sett fram samkvæmt UFS-leiðbeiningum Nasdaq eins og fyrri ár en þar er einnig vísir að upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði CSRD og ESRS. Þá eru í ársskýrslunni birtar upplýsingar samkvæmt flokkunarkerfi ESB (EU Taxonomy), sjá viðauka um óendurskoðaðar upplýsingar við skýrslu stjórnar.

Hagaðilar

Við eigum daglega í fjölbreyttum samskiptum við mikilvægustu hagaðila Íslandspósts, viðskiptavini, starfsfólk, eiganda, birgja og samfélag.

Viðskiptavinir hafa hagsmuni af öruggri, hraðri, fjölbreyttri og góðri þjónustu. Þeir eiga dagleg samskipti við starfsfólk í framlínu, svo sem þjónustuver, söludeild, markaðsdeild, starfsfólk pósthúsa, bílstjóra og bréfbæra. Samskiptin eru af fjölbreyttum toga, fara fram í eigin persónu, á samfélagsmiðlum, í símtölum, netspjalli og tölvupósti, á fundum, með heimsóknum, markpósti og markaðsviðburðum.

Starfsfólk væntir þess að vera treyst og falin ábyrgð, fá verðug verkefni, góða vinnuaðstöðu, tækifæri til starfsþróunar og sanngjörn laun. Mannauður og stjórnendur bera ábyrgð á að upplýsa, miðla, fræða, leita eftir afstöðu og auka helgun starfsfólks. Til þess er nýttur samskipta- og fræðsluvefurinn Lúðurinn, mánaðarlegar mannauðskannanir, starfsmannafundir, starfsþróunarsamtöl o.fl.

Eigandinn hefur sett almenna eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins. Umsýsla ríkisins með eignarhaldi opinberra fyrirtækja á að stuðla að trausti og trúverðugleika, samkeppni, hagkvæmni í rekstri, samfélagslegum og umhverfislegum markmiðum stjórnvalda o.fl. Forstjóri og stjórn bera ábyrgð á samskiptum við ríkið.

Birgjar hafa hagsmuni af traustum rekstri Íslandspóst, hagkvæmum samningum sem báðir aðilar njóta góðs af, viðhaldi viðskiptasambands og góðum samskiptum. Stjórnendur og sérfræðingar sjá um samskiptin, á fundum, í tölvupósti og samtölum, þar sem þeir leita eftir tilboðum og upplýsingum, leggja fyrir birgjamat og vinna að samningsgerð og bera loks ábyrgð á að samningar séu uppfylltir.

Samfélagið hefur hagsmuni af góðum viðskiptaháttum, vandaðri þjónustu og traustum innviðum fyrir póstlagningu, vinnslu og afhendingu sendinga og væntir þess að dreifikerfið nái til allra landsmanna og til og frá landinu. Forstjóri ásamt markaðsdeild sjá um að miðla hvers kyns upplýsingum um starfsemi Íslandspóst og hlutverk hans, dreifikerfi, afhendingarleiðir og gjaldskrá, breytingar á starfsemi o.s.frv. í fjölmiðlum, á netinu, samfélagsmiðlum og víðar.

Tvöföld mikilvægisgreining

Í tvöfaldri mikilvægisgreiningu eru annars vegar greind raunveruleg og hugsanleg jákvæð og neikvæð áhrif af starfsemi fyrirtækis tengd tilteknum málefnum á fólk eða umhverfi, til skemmri eða lengri tíma, og hins vegar hversu fjárhagslega mikilvæg sömu málefni eru fyrir fyrirtækið. Greining á áhrifum af starfseminni og fjárhagslegu mikilvægi málefnanna er svo nýtt til að meta áhættu sem þeim tengist. Lögð er áhersla á að draga fram sjónarmið helstu hagaðila félagsins út frá ýmiss konar hagaðilasamskiptum og af því dregnar ályktanir um helstu áhrif, áhættur og tækifæri í starfseminni. Við mikilvægisgreiningu Íslandspóst er einnig byggt á þáttum sem tengjast starfseminni og litið til sambærilegra fyrirtækja erlendis, starfsumhverfis, viðurkenndra sjálfbærni viðmiða, staðla og lagaumhverfis, sem og til viðskiptalíkans, stefnu og áherslna fyrirtækisins.

Í upphaflegu mikilvægisgreiningunni 2023 voru níu sjálfbærnimálefni metin mikilvægust fyrir Íslandspóst og helstu hagaðila fyrirtækisins. Þegar greiningin var endurtekin og þróuð 2024 var fókusinn skerptur og málefnumum fækkað í sex.

Umhverfisþættir

- Orkuskipti og loftlagsmál
- Innviðauppbygging

Félagslegir þættir

- Heilsa og öryggi
- Fræðsla og þjálfun

Stjórnarhættir

- Samfélagshlutverk
- Upplýsingaöryggi

Á næstu misserum verður mikilvægisgreiningin þróuð áfram og mælikvarðar og upplýsingagjöf tengdir við gagnapunkta ESRS.

Alþjóðlegt sjálfbærnisamstarf

Árið 2023 gerðist Íslandspóstur aðili að alþjóðlegu sjálfbærnisamstarfi póstfyrirtækja, IPC SMMS (International Postal Corporation Sustainability Measurement & Management System). Fyrirtækin setja sér meðal annars sameiginleg markmið um samdrátt í losun og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í byggingum og bílafloða. Einnig er metið hve vel þau vinna að sjö tilteknum áherslusviðum sjálfbærni. Fyrirtækin geta þannig borið árangur sinn saman við árangur hinna. Gögn og upplýsingagjöf hvers fyrirtækis eru endurskoðuð af PwC í Belgíu á fárra ára fresti og í júní 2024 var fyrsta slíka úttektin á sjálfbærniupplýsingagjöf Íslandspóst.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Íslandspóstur hefur skuldbundið sig til að vinna að fimm heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

- 3 Heilsa og vellíðan
- 5 Jafnrétti kynjanna
- 11 Sjálfbærar borgir og samfélög
- 12 Ábyrg neysla og framleiðsla
- 13 Aðgerðir í loftslagsmálum

Með þátttöku í sjálfbærnisamstarfi pósthyrirtækja (IPC SMMS) bætast við tvö markmið.

- 8 Góð atvinna og hagvöxtur
- 9 Nýsköpun og uppbygging

Umhverfisþættir

Orkuskipti og loftslagsmál

Orkuskipti bílaflotans 2030.

Íslandspóstur vinnur markvisst gegn neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta loftgæði. Áhrifaríkasta leiðin til þess er að endurnýja bílaflotann með orkuskipti í huga. Við gerum okkur grein fyrir og mælum umhverfisáhrifin af starfsemi fyrirtækisins og miðlum upplýsingum um þau í sjálfbærniuppgjöri. Okkur er einnig ljós áhættan sem felst í orkuskiptum og uppbyggingu innviða sem tengist bæði kostnaði og tækniþróun, sem og bæði langvinn og bráð loftslagsáhætta vegna ófga í veðurfari, ófærðar, flóða o.fl. Umhverfis- og loftslagsstefna Íslandspósts var endurskoðuð 2024. Aðgerðaáætlun hennar er uppfærð jafnt og þétt.

Að meðtöldum rafhjólum ganga um 55% farartækja Íslandspósts fyrir rafmagni eða metani árið 2024. Frá júlí gengu fimm af stærstu flutningabílunum sem fara lengstan veg fyrir vetnismeðhöndlaðri lífrænni olíu (HVO100) í stað hefðbundinnar dísilolíu. Með notkun slíkrar olíu getur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda um 90%. Í takt við þetta dróst losun í umfangi 1 saman um 27% milli ára 2023 og 2024. Takmarkið er að orkuskiptum flotans verði lokið ekki síðar en 2030 en margar breytur hafa áhrif, bæði fjármagn til reiðu, stefna stjórnvalda, innviðauppbygging, framboð og tækniþróun.

Innviðauppbygging

Mætum áskorunum með hagkvæmum lausnum, nýsköpun og tækni.

Dreifing pakka er burðarásinn í starfsemi Íslandspósts. Íslandspóstur vinnur að því að þróa innviði sína í takt við ný og breytt verkefni, bæði dreifikerfi og tækniúhverfi, og beita til þess framsækni og nýsköpun.

Breyttar kröfur samfélagsins kalla á breytingar á hlutverki Íslandspósts með nýjungum í þjónustu, öflugri tækniþróun og aðlögun dreifikerfisins. Pósthúsum og samstarfspósthúsum var fækkað um 10 á árinu en þess í stað jókst þjónusta bílstjóra og sett voru upp 29 ný póstbox, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Afgreiðslustaðir eru nú 27 talsins og póstboxin 119, samtals 146. Markmiðið er að póstboxin verði 150–170 vítt og breitt um landið svo að viðskiptavinir geti sótt og sent pakka hvenær sem er sólarhringsins. Þétt net póstboxa auðveldar viðskiptavinum að ganga eða hjóla til að sækja pakka eða nýta ferðina á leið úr og í vinnu, skóla, verlanir og tómstundir og draga þannig úr kolefnisspori sendinga.

Félagslegir þættir

Markmið mannauðsstefnu Íslandspósts er að laða að rétta fólkið með sterkri ímynd, að hvetjandi leiðtogar stuðli að vellíðan og starfsfólk haldi hvert öðru ábyrgu, tækifæri gefist til stöðugrar starfsþróunar og við starfslok fari fram markviss yfirfærsla þekkingar. Mikil áhersla er lögð á reglulegar mannauðsmælingar og úrvinnslu þeirra. Helstu mælikvarðar eru starfsánægja, jafnlaunaviðmið og hlutfall starfsfólks sem á starfsþróunarsamtöl við stjórnendur.

Heilsa og öryggi

Með heilsu og öryggi að leiðarljósi tryggjum við að allt starfsfólk komi heilt heim í lok hvers vinnudags.

Leiðarljós okkar er að móta gott starfsumhverfi sem stuðlar að ánægju og vellíðan starfsfólks og hugað er að andlegri og líkamlegri heilsu þess. Hjá Íslandspósti starfar fjölbreyttur hópur fólks af ýmsum þjóðernum, á öllum aldri, með ólíkan bakgrunn, fólk með skerta starfsgetu o.s.frv. Verkefni okkar er að öll njóti sín í vinnunni alla daga. Það stuðlar að góðri heilsu starfsfólks og helgun.

Stöðugt er unnið að því markmiði Íslandspósts að skapa öryggismenningu þar sem áherslan er á vinnuvernd. Öryggisstefnu fylgir aðgerðaáætlun sem uppfærð er reglulega. Starfsfólk Íslandspósts er sífellt á ferðinni og fyrir hendi eru skýr viðmið og öryggiskröfur, t.d. eru lokanir Vegagerðarinnar skilyrðislaust virtar og bílstjórar fara ekki af stað ef vindur fer yfir tiltekin viðmið.

Fræðsla og þjálfun

Sköpum hvetjandi leiðtogamenningu þar sem tækifæri gefast til stöðugrar starfsþróunar.

Íslandspóstur leggur metnað sinn í að veita starfsfólki vandaða fræðslu og þjálfun. Áhersla er lögð á valdeflingu, leiðtogaþjálfun, liðsheild og endurgjöf og ýtt undir jákvætt viðhorf til starfseminnar. Við viljum auka meðvitund starfsfólks um umhverfismál og sjálfbærni og virkja það til að leggja sitt af mörkum. Sé fræðslu ekki sinnt af kostgæfni er hætt við mistökum og óhöppum sem valdið geta vinnuslysum, tjóni og töfum. Við leggjum sérstaka áherslu á að útbúa vandað fræðsluefni á íslensku og ensku og gera aðgengilegt á Lúðrinum, fræðslu- og samskiptavef Íslandspósts.

Stjórnarhættir

Samfélagshlutverk

Mætum viðskiptavininum þar sem hann er staddur með sjálfbærni að leiðarljósi.

Hlutverk Íslandspósts er að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög. Dreifikerfi hans nær til allra heimila og fyrirtækja landsins og um víða veröld, með tengingum við 192 lönd. Sameiginlegir innviðir fyrir póstdreifingu eru hagur fólks um allt land. Til að jafna aðstöðu fólks í dreifbýli þar sem póstpjónusta stendur ekki undir sér er Íslandspósti falið af stjórnvöldum að veita alþjónustu. Hreinn kostnaður af alþjónustuhlutverkinu er greiddur af ríkinu. Landpóstar dreifa pósti í afskekktustu sveitunum og eru ýmist starfsmenn Póstsins eða verktakar.

Alþjónusta

- Bréf allt að 2 kg
- Magnpóstur
- Pakkar allt að 10 kg
- Sendingar til og frá landinu allt að 20 kg
- Rekjanleg bréf
- Blindrasendingar allt að 2 kg

Á stórum hluta landsins starfar Íslandspóstur á samkeppnismarkaði póstoffyrirtækja. Samkeppni ríkir á bréfa- og pakkamarkaði innanlands á suðvesturhorninu og fer vaxandi í þéttbýli á landsbyggðinni. Pósturinn gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að stunda ábyrga viðskiptahætti í samkeppni og sem veitandi og kaupandi vöru og þjónustu. Vistvæn innkaup og vandað mat á birgjum er nauðsynlegt verkfæri til að bera kennsl á og draga úr áhættu tengdri umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og stuðla að gagnsæi og ábyrgð.

Upplýsingaöryggi

Viðhöldum öryggi upplýsinga og tryggjum persónuvernd með öflugum ferlum og traustri meðhöndlun gagna.

Rík áhersla er lögð á persónuvernd og upplýsinga- og veföryggismál hjá Íslandspósti. Við eigum í tíðum samskiptum við viðskiptavini og svikapóstur sem berst þegar fólk á sér einskis ills von getur valdið usla og tjóni. Íslandspóstur gerir sér grein fyrir þessari áhættu og hefur brugðist við með því að hvetja almenning til að vera á verði með ábendingum og leiðbeiningum á samfélagsmiðlum og heimasíðu. Einnig hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana til að efla persónuvernd og styrkja upplýsingaöryggi hjá fyrirtækinu.

Flokkunarkerfi 2024

Upplýsingar um sjálfbærar fjárfestingar samkvæmt flokkunarkerfi ESB

Pósturinn birti í fyrsta sinn árið 2023 upplýsingar og lykiltölur um starfsemi sína í samræmi við flokkunarkerfi ESB um sjálfbæra atvinnustarfsemi, sbr. lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. 25/2023. Við útreikninga og mat var stuðst við leiðbeiningavef ESB.

Sett voru fram gögn um hve hátt hlutfall af veltu fyrirtækisins, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarútgjöldum félli undir flokkunarkerfið (taxonomy eligible) og hve hátt hlutfall teldist umhverfislega sjálfbær í samræmi við viðmið (taxonomy aligned).

Pósturinn setti niðurstöðurnar fram með fyrirvara enda kom í ljós, við nánari athugun, að þótt tiltekin starfsemi Póstsins félli undir flokkunarkerfið (taxonomy eligible) gæti hún ekki talist umhverfislega sjálfbær (taxonomy aligned) samræmi við kröfur reglugerðarinnar. Til þess skorti ýmiss konar nákvæmar sannanir fyrir því að starfsemin legði verulegt framlag til mótvægisáðgerða gegn loftslagsmálum, þ.e. samræmdist tæknilegum viðmiðum, sem og haldbæra staðfestingu á að hún ylli ekki verulegu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum. Þar að auki uppfyllir Pósturinn ekki öll þau félagslegu viðmið sem lögð eru til grundvallar matinu. Flestir bílar í flota Póstsins eru á negldum dekkjum yfir vetrarmánuðina og það eitt og sér kemur í raun í veg fyrir að rekstur þeirra samræmist viðmiðum.

Hvað telst sjálfbær starfsemi?

Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu telst sjálfbær og í samræmi við kerfið ef hún leggur verulegt framlag til einhvers af sex umhverfismarkmiðum ESB og veldur ekki verulegu tjóni á einu eða fleiri hinna umhverfismarkmiðanna (*do-no-significant-harm* eða *DNSH*-viðmiða):

Sex umhverfismarkmið ESB

1. Mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær nýting og verndun vatns og sjávarauðlinda
4. Umbreyting í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
6. Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Að auki þarf fyrirtækið að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir um mannréttindi, félagsleg réttindi og vinnuskilyrði fólks, sem og kröfur um sanngjarna samkeppni og aðgerðir gegn spillingu.

Hvaða starfsemi Póstsins fellur undir flokkunarreglugerðina?

Eftirfarandi starfsemi Póstsins fellur undir mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum og telst því hæf (eligible) samkvæmt flokkunarkerfi ESB:

Flutningur á mótorhjólum (6.5), fólksbílum og léttum sendibílum. Pósturinn á og rekur farartæki til póstflutnings sem falla hér undir, ganga fyrir rafmagni og uppfylla útblástursstaðla ESB EURO 5 og 6.

Vöruflutningur á vegum (6.6). Pósturinn á og rekur flutningabíla sem falla hér undir, ganga fyrir rafmagni og uppfylla útblástursstaðla ESB EURO 6.

Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafbíla við byggingar (7.3). Pósturinn hefur sett upp hleðslustöðvar við byggingar sínar.

Mannauðurinn, langstærsta auðlind Póstsins, fellur ekki undir flokkunarkerfi ESB.

Mat á hæfri starfsemi

Næsta skref er að nýta tæknileg matsviðmið til að meta hvort ofangreind starfsemi hefði nokkur verulega neikvæð umhverfisáhrif eða ylli verulegu tjóni samkvæmt einhverju hinna umhverfismarkmiðanna (*DNSH*-viðmiðum). Sem dæmi var leitað upplýsinga um hvort hávaðamengun hjólbarða umræddra bifreiða væri undir gefnum hámarkum og hvort endurvinnslu- og endurnýtingarhlutfall bifreiða væri yfir lögbundnum lágmarkum.

Ekki tókst að safna nákvæmum gögnum um hverja og eina tegund af rafbílum í flota Póstsins, aðeins almennum vísbendingum. Með tíð og tíma má þó vænta þess að bílaframleiðendur setji fram viðeigandi upplýsingar í hverju tilvik og auðveldi þannig alla gagnaöflun.

Þá var leitað staðfestingar á að starfsemi Póstsins uppfyllti lágmarksverndarráðstafanir um félagsleg réttindi og góða stjórnarhætti. Í nokkrum veigamiklum atriðum uppfyllir Pósturinn ekki þessi viðmið. Sem dæmi hefur hann ekki sett sér skattastefnu eða gert kleift að setja nafnlaust fram grun um brot á mannréttindum.

Eftirfarandi töflur sýna hlutfall af veltu Póstsins 2024, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarútgjöldum sem fellur undir flokkunarkerfið (taxonomy eligible). Sem fyrr segir hefur hins vegar ekki tekist að færa sönnur á að starfsemin geti talist umhverfislega sjálfbær (taxonomy aligned) samkvæmt viðmiðum reglugerðarinnar.

Óendurskoðaðir viðaukar

Tafla 1. Velta

| Atvinnustarfsemi (1) | Kóði (2) | Samtals velta (3) | Hlutfall veltu (4) | Viðmið fyrir verulegt framlag | | | | | | Veldur ekki verulegu tjóni (DNSH-viðmið) | | | | | | Viðmið um félagsleg réttindi og góða sjórnarhætti (17) | Hlutfall sjálfbærrar starfsemi af heildarfjárfestingum 2024 (18) | Flokkur (styðjandi starfsemi) (20) | Flokkur (umbreytandi starfsemi) (21) |
|---|-----------|-------------------|--------------------|--------------------------------------|-----------------------------------|-----------|------------|------------------------|--|--|------------------------------------|-----------|-------------|-------------------------|-----------------------------|--|--|------------------------------------|--------------------------------------|
| | | | | Mótvægisáðgerdir í loftsagsmálum (5) | Adlögun að loftsagsbreytingum (6) | Vatn (7) | Mengun (8) | Hringrásarhagkerfi (9) | Lífræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10) | Mótvægisáðgerdir í loftsagsmálum (11) | Adlögun að loftsagsbreytingum (12) | Vatn (13) | Mengun (14) | Hringrásarhagkerfi (15) | Lífræðileg fjölbreytni (16) | | | | |
| Lýsing | | Kr. | % | % | % | % | % | % | % | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | % | S | U |
| A. SJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI | | | 5% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| A.1. Sjálfbær atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | | | | | | | | 0% | | |
| | | | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | | | | | | | | 0% | | |
| Velta sjálfbærrar starfsemi (taxonomy-aligned) (A.1) | | 0 | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já | 0% | 0% | 0% |
| A.2 Flokkunarhæf starfsemi sem ekki telst sjálfbær (ekki taxonomy-aligned) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Flutningur á vegum | 6,5 / 6,6 | 384.356 | 5% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Velta flokkunarhæfrar starfsemi sem ekki telst sjálfbær (taxonomy-eligible en ekki taxonomy-aligned) (A.2) | | 384.356 | 5% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals (A.1+A.2) | | 384.356 | 5% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| B. ÓSJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Velta ósjálfbærrar starfsemi | | 7.255.829 | 95% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals (A+B) | | 7.640.185 | 100% | | | | | | | | | | | | | | | | |

Tafla 2. Rekstrarkostnaður

| Atvinnustarfsemi (1) | Kóði (2) | Samtals rekstrarkostnaður (3) | Hlutfall af rekstrarkostnaði (4) | Viðmið fyrir verulegt framlag | | | | | | Veitir ekki verulegu tjóni (D/NSH-Viðmið) | | | | | | Viðmið um félagsleg réttindi og góða sjórnarhætti (17) | Hlutfall sjálfbærrar starfsemi af heildarfjárfestingum 2024 (18) | Flokkur (styðjandi starfsemi) (20) | Flokkur (umbreytinga-starfsemi) (21) |
|---|----------|-------------------------------|----------------------------------|-------------------------------------|-------------------------------------|-----------|------------|------------------------|--|---|--------------------------------------|-----------|-------------|-------------------------|-----------------------------|--|--|------------------------------------|--------------------------------------|
| | | | | Mótvægisáðgerðir í loftsálgámum (5) | Adlögun að loftsálgáshreytingum (6) | Vatn (7) | Mengun (8) | Hringrásarhagkerfi (9) | Lífraðileg fjölbreytni og vistkerfi (10) | Mótvægisáðgerðir í loftsálgámum (11) | Adlögun að loftsálgáshreytingum (12) | Vatn (13) | Mengun (14) | Hringrásarhagkerfi (15) | Lífraðileg fjölbreytni (16) | | | | |
| Lýsing | | Kr. | % | % | % | % | % | % | % | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | % | S | U |
| A. SJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI | | | 5% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| A.1. Sjálfbær atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | 1% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | | | | | | | | 0% | | |
| | | | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | | | | | | | | 0% | | |
| Rekstrarkostnaður við sjálfbæra atvinnustarfsemi (taxonomy- | | 0 | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já | 0% | 0% | 0 |
| A.2 Flokkunarhæf starfsemi sem ekki telst sjálfbær (ekki taxonomy-aligned) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Flutningar á vegum | 6,5 | 76.397 | 1% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Flutningar á vegum | 6,6 | 288.838 | 4% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Rekstrarkostnaður við flokkunarhæfa starfsemi sem ekki telst sjálfbær (taxonomy-eligible en ekki taxonomy-aligned) (A.2) | | 365.235 | 5% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals (A.1+A.2) | | 365.235 | 5% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| B. ÓSJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Rekstrarkostnaður ósjálfbærrar starfsemi | | 6.452.339 | 95% | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals (A+B) | | 6.817.575 | 100% | | | | | | | | | | | | | | | | |

Tafla 3. Fjárfestingar

| Atvinnustarfsemi (1) | Kóði (2) | Samtals fjárfestingar (3) | Hlutfall fjárfestinga (4) | Viðmið fyrir verulegt framlag | | | | | | Veldur ekki verulegu tjóni (DNSH- viðmið) | | | | | | Viðmið um félagsleg réttindi og góða stjórnarhætti (17) | Hlutfall sjálfbærrar starfsemi af heildar-fjárfestingum 2024 (18) | Flokkur (styðjandi starfsemi) (20) | Flokkur (umbreytinga-starfsemi) (21) | | |
|---|----------|---------------------------|---------------------------|---------------------------------------|------------------------------------|----------|------------|------------------------|---|---|-------------------------------------|-----------|-------------|-------------------------|------------------------------|---|---|------------------------------------|--------------------------------------|--|--|
| | | | | Mótvægisáðgerdir í loftslagsmálum (5) | Adlögun að loftslagsbreytingum (6) | Vatn (7) | Mengun (8) | Hringrásarhagkerfi (9) | Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10) | Mótvægisáðgerdir í loftslagsmálum (11) | Adlögun að loftslagsbreytingum (12) | Vatn (13) | Mengun (14) | Hringrásarhagkerfi (15) | Liffræðileg fjölbreytni (16) | | | | | | |
| Lýsing | | Kr. | % | % | % | % | % | % | % | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | Já/Nei | % | S | U | | | |
| A. SJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI | | | 49% | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| A.1. Fjárfestingar í sjálfbærri atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | | | | | | | 0% | | | | | |
| | | | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | | | | | | | 0% | | | | | |
| Fjárfestingar í sjálfbærri atvinnustarfsemi (taxonomy-aligned) (A.1) | | 0 | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já | 0% | 0% | 0% | | |
| A.2 Flokkunarhæf starfsemi sem ekki telst sjálfbær (ekki taxonomy-aligned) | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Flutningur á vegum | 6,5 | 3.515 | 1% | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Flutningur á vegum | 6,6 | 337.656 | 49% | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Fjárfestingar í flokkunarhæfri starfsemi sem ekki telst sjálfbær (taxonomy-eligible en ekki taxonomy-aligned) (A.2) | | 341.171 | 49% | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals (A.1+A.2) | | 341.171 | 49% | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| B. ÓSJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Fjárfestingar í ósjálfbærri starfsemi | | 349.462 | 51% | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals (A+B) | | 690.633 | 100% | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

Undirritunarsíða ársreiknings

Ársreikningur Íslandspósts ohf. fyrir árið 2024 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins þann 27. febrúar 2025.